**Hinsegin** er regnhlífarhugtak yfir fólk með kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og/eða kyntjáningu sem fellur ekki að ríkjandi viðmiðum samfélagsins.

Hinsegin fólk er m.a. hommar, lesbíur, tvíkynhneigt fólk, pankynhneigt fólk, eikynhneigt fólk, trans fólk og intersex fólk.

Frekari upplýsingar og aðstoð:
**Samtökin '78 – Félag hinsegin fólks á Íslandi**
www.samtokin78.is
skrifstofa@samtokin78.is s. 552 7878

Einnig bendum við á upplýsingavef Samtakanna '78 **www.otila.is** fyrir frekari upplýsingar um hinsegin hugtök, reynslusögur og hinsegin fræði.



# HVAÐ ER HINSEGIN

Myndskreyting: Hinsegin félagsmiðstöðin

## HVAÐ ER KYNHNEIGÐ?

**Kynhneigð** segir til um það hverjum fólk verður skotið í, ástfangið af og/eða laðast að. Kynhneigð er allskonar, getur breyst með tímanum og er mismunandi hjá hverju og einu. Fólk getur laðast að fólki af öðru kyni, að sama kyni eða að tveimur eða fleiri kynjum en fyrir önnur skiptir kyn ekki máli þegar kemur að aðlöðun. Sum laðast lítið eða ekkert að öðru fólki. Sumu fólki hentar að skilgreina kynhneigð sína en öðru ekki.

Hér eru nokkur dæmi um kynhneigðir og skilgreiningar á þeim:

| | |
|---|---|
| **Gagnkynhneigð:** | að laðast að fólki af öðru kyni |
| **Samkynhneigð:** | að laðast að fólki af sama kyni **(hommar/lesbíur)** |
| **Tvíkynhneigð:** | að laðast að fólki af fleiri en einu kyni |
| **Pankynhneigð:** | að laðast að fólki óháð kyni |
| **Eikynhneigð:** | að upplifa litla eða enga kynferðislega og/eða rómantíska hrifningu á öðru fólki |

## HVAÐ ER KYNVITUND?

**Kynvitund** segir til um hvernig við viljum lifa og vera í okkar kyni. Kynvitund hefur ekkert með kynfæri, líffræði eða útlit að gera, heldur með upplifun okkar af eigin kyni. Sumt fólk er með kynvitund í samræmi við það kyn sem það fékk úthlutað við fæðingu (þ.e. það kyn sem gert er ráð fyrir út frá kynfærum) og kallast það að vera sískynja. Sumt fólk er með kynvitund sem samræmist ekki því kyni sem það fékk úthlutað við fæðingu og kallast það að vera trans.

| | |
|---|---|
| **Sískynja:** | manneskja sem er sátt við það kyn sem hún fékk úthlutað við fæðingu |
| **Trans kona:** | kona sem fékk úthlutað karlkyni við fæðingu |
| **Trans karl:** | karl sem fékk úthlutað kvenkyni við fæðingu |
| **Kynsegin/kvár:** | manneskja sem skilgreinir kyn sitt utan kynjatvíhyggjunnar, upplifir sig t.d. sem karl og konu, hvorki karl né konu eða skilgreinir ekki kyn sitt yfir höfuð |
| **Kynstaðfesting:** | félagslegt, læknisfræðilegt og/eða lagalegt ferli sem sumt trans fólk fer í, t.d. nafnabreyting, breytt kyntjáning, aðgerðir, taka inn hormóna o.s.frv. |

## HVAÐ ERU KYNEINKENNI?

**Kyneinkenni** segja til um hvernig líkaminn okkar starfar og hafa því eingöngu með líffræði að gera. Kyneinkenni ná t.d. yfir hormónastarfsemi líkamans, litninga og ytri og innri kynfæri. Sumt fólk fæðist með kyneinkenni sem falla ekki að ríkjandi hugmyndum um karl- og kvenlíkama og kallast það að vera intersex. Til eru margar útgáfur af því að vera intersex. Hjá sumu fólki sést það strax við fæðingu, hjá öðru við kynþroska, öðru mun seinna og stundum kemur það aldrei í ljós.

| | |
|---|---|
| **Intersex:** | að fæðast með ódæmigerð kyneinkenni sem stangast á við ríkjandi hugmyndir um hvernig líkamar kvenna og karla líta út eða starfa |
| **Markkynja:** | að fæðast með dæmigerð kyneinkenni sem falla að ríkjandi hugmyndum um hvernig líkamar kvenna og karla líta út eða starfa |

## HVAÐ ER KYNTJÁNING?

**Kyntjáning** segir til um hvernig við tjáum kyn okkar út á við, svo sem hvernig við klæðum okkur, berum okkur, tölum, klippum hárið okkar og hvernig almennt fas okkar er. Frá blautu barnsbeini er okkur kennt hvernig fólk eigi að vera út frá kyni og er það iðulega tengt við staðalmyndir kynjanna.

| | |
|---|---|
| **Karllæg kyntjáning:** | er í samræmi við ríkjandi hugmyndir um hvernig karlar eigi að tjá kyn sitt |
| **Kvenlæg kyntjáning:** | er í samræmi við ríkjandi hugmyndir um hvernig konur eigi að tjá kyn sitt |
| **Ódæmigerð kyntjáning:** | er á einhvern hátt á skjön við ríkjandi hugmyndir um hvernig fólk eigi að tjá sig út frá kyni |

**Queer** is an umbrella term for people whose sexual orientation, gender identity, sex characteristics and/or gender expression does not conform to societal norms and expectations.

The queer umbrella includes (but is not limited to) trans people, gay men, lesbians, bisexual, pansexual, asexual and intersex people.

For more information and support:
**Samtökin '78 – The National Queer Organisation of Iceland**
www.samtokin78.is
skrifstofa@samtokin78.is tel: 552 7878

For further information on queer terminology, stories of personal experience and queer theory, please visit Samtökin '78's informational website **www.otila.is**

# WHAT IS QUEER



Illustration: The Queer Youth center

## WHAT IS SEXUAL ORIENTATION?

**Sexual orientation** describes who a person is attracted to or falls in love with. Sexual orientation is unique to each individual. It can be static or change over time. People can be attracted to individuals of the same gender, of another gender, more than one gender and for some people gender is not a factor in their attraction. Some people experience little or no attraction to other people. Some people choose to name or label their sexual orientation, but others do not.

Here are some examples of sexual orientations and their definitions:

| | |
|---|---|
| **Heterosexual:** | attraction to people of a different gender **(straight)** |
| **Homosexual:** | attraction to people of the same gender **(gay/lesbian)** |
| **Bisexual:** | attraction to people of more than one gender |
| **Pansexual:** | attraction to people regardless of their gender |
| **Asexual:** | experiencing little or no sexual and/or romantic attraction towards other people |

## WHAT IS GENDER IDENTITY?

**Gender identity** is about one's own sense and feelings of gender. Gender identity is not about genitals, biology, or appearance, but rather about how we experience our gender. Some people's gender identity aligns with the gender they were assigned at birth (i.e. the gender which is assumed based on their genitalia); in other words, they are cisgender. Other people's gender identity does not align with the gender they were assigned at birth; in other words, they are trans (sometimes referred to as transgender).

| | |
|---|---|
| **Cisgender:** | a person whose gender identity aligns with the gender they were assigned at birth |
| **Transgender:** | an umbrella term for people whose gender identity does not match the gender they were assigned at birth |
| **Trans woman:** | a woman who was assigned male at birth |
| **Trans man:** | a man who was assigned female at birth |
| **Non-binary:** | someone who does not identify as either a man or a woman, but perhaps in between, as both or neither. Some prefer genderqueer or other terms |
| **Transitioning:** | a social, medical and/or legal process some trans people go through e.g. using a new name, different gender expression, undergoing gender affirming care such as taking hormones or having surgeries |

## WHAT IS GENDER EXPRESSION?

**Gender expression** is how people communicate their gender through body language, clothing and hairstyle, behaviour and so on. Gender expression is often viewed on a spectrum between masculinity and femininity and is imprinted in people from an early age. Ideas about gender and gender expression are culturally informed and often based on stereotypes.

| | |
|---|---|
| **Masculine gender expression:** | aligns with societal expectations for men |
| **Feminine gender expression:** | aligns with societal expectations for women |
| **Non-conforming gender expression:** | does not conform to stereotypical or societal expectations of gender |

## WHAT ARE SEX CHARACTERISTICS?

**Sex characteristics** are about biology. Sex characteristics are e.g. our hormones, chromosomes and reproductive organs, both internal and external. Most people are born with sex characteristics that align with typical male or female bodies. However, some people are born with sex characteristics that do not fit these norms. Some people who have atypical sex characteristics use the term intersex to describe themselves.

| | |
|---|---|
| **Intersex:** | people born with sex characteristics that do not fit the typical definition of male and female bodies |
| **Endosex:** | people born with sex characteristics that align with the typical definition of male or female bodies |